

1509110

Héraðsskjalasafn Árnesinga



Selfossi 14. September 2015

Sveitarfélagið Árborg
Austurvegi 2
800 Selfoss

Efni: Ósk um framlag vegna atvinnuskapandi verkefnis/ljósmyndaverkefnis á Héraðsskjalasafni Árnesinga á árinu 2016.

Héraðsskjalasafn Árnesinga hefur ásamt Héraðsskjalasafni Austfirðinga og Héraðsskjalasafni Skagfirðinga fengið samtals 73,5 milljónir kr., vegna atvinnuskapandi verkefnis við skönnun og skráningu ljósmynda. Styrkur Mennta- og menningarmálaráðuneytis verður fullnýttur á yfirstandandi ári. Á árinu 2016 er ætlunin að ganga frá þeim ljósmyndasöfnum sem þegar hafa verið afhent og tryggja að staða verkefnisins sé með þeim hætti að vinnu við stóra verkþætti sem tengjast skráningu og miðlun sé að mestu lokið. Sótt er um styrk vegna ljósmyndaverkefnisins samtals 1.350.000,- sem er lækkun um 1.350.000,- en safnið fær 2.700.000,- á þessu ári.

Áætlað er að um 200.000 ljósmyndir séu í vörslu Héraðsskjalasafns Árnesinga. Stærstur hluti þessara mynda var afhentur á árunum 2010-2015. Enn eru safninu að berast ljósmyndaafhendingar. 1. september 2015 er búið að skanna um 110.000 ljósmyndir og frumskrá um 100.000 ljósmyndir. Rúmlega 80.000 ljósmyndir eru nú aðgengilegar á vefnum myndasafn.is og er vefurinn einn stærsti vefur sinnar tegundar á landinu.

Óskað er eftir því að Sveitarfélagið Árborg leggi verkefninu lið með sama hætti og á síðasta ári. Kostnaður sveitarfélagsins á síðast ári tengdist fyrst og fremst launatengdum gjöldum. Skv. verkáætlun er reiknað með einu stöðugildum á héraðsskjalasafninu. Það er skilyrt að starfsmaður sem Sveitarfélagið Árborg styður sé íbúi sveitarfélagsins. Héraðsskjalasafnið leggur til framlag frá ríkinu þ.e. um 200.000 krónur á mánuði. Starfsmaður radast í launaflokk skv. FOSS þ.e. í 124-4. Í hluti af þeim kostnaði sem fellur á sveitarfélagið kemur til baka í formi útsvarstekna. Starfsmaður mun eins og aðrir íbúar sveitarfélagsins, nýta þjónustu þess og fyrirtækja á svæðinu og því má ætla að stærstur hluti framlags sé nýttur hér. Með verkefninu er sú sérfræðipækking sem er til staðar á safninu og innan sveitarfélagsins styrkt. Leitast hefur verið við að fá ungt fólk með háskólamenntun á sviði, sagn-, þjóð- og fornleifafræði sem búsettir í sveitarfélaginu til að vinna við verkefnið og óhætt að fullyrða að verkefnið styðji við bakkið á ungum fræðimönnum sem vilja vera búsettir heima í héraði. Starfsmaður er Guðmunda Ólafsdóttir sem kom að húsaverkefni sveitarfélagsins og hefur þegar sannað sig sem sérstaklega hæfur og samviskusamur starfskraftur.

Vefsíðan myndasafn.is er vefsíða Héraðsskjalasafns Árnesinga. Þar eru um 80.000 ljósmyndir, flestar frá Selfossi og nágrenni. Vefurinn er mjög vinsæll. Stofnkostnaður vegna hugbúnaðar við vefsíðuna var greiddur af héraðsskjalasafninu. Aðkoma sveitarfélagsins að verkefninu tryggir því not á ljósmyndum í vörslu safnsins á heimasíðu sveitarfélagsins www.arborg.is, við kynningar, á bærjarhátíðum, söguskiltum o.s.frv. sveitarfélaginu að kostnaðarlausu á meðan á verkefninu stendur. Til stendur að nota myndir frá skjalasafninu í tengslum við viðburði í menningarmánuðinum október. Starfsmenn skjalasafnsins hafa áhuga á að koma að gerð fleiri söguskilta/myndaskilta sé þess óskað. Ekki þarf að fjölýrða um þá byltingu sem fylgir því að gera myndefni tengt sveitarfélaginu aðgengilegt með þessum hætti. Myndefnið nýtist ekki aðeins íbúunum, sveitarfélaginu sjálfu, íþrótt- eða félagsamtökum auk aðilum í verslun og þjónustu. Verkefnið eitt og sér er góð og uppbyggilega kynning á því samfélagi sem við lifum í. Í þessu sambandi má nefna húsaskráningarverkefni sem var samvinnuverkefni sveitarfélagsins og héraðsskjalasafnsins en sú mikla vinna sem lögð hefur verið í skönnun og skráningu ljósmynda nýttist vel í því verkefni.

Með von um jákvæð viðbrögð.


Þorsteinn Tryggvi Másson, héraðsskjalavörður

Austurvegi 2 • 800 Selfoss • Kt. 630189-2849
Sími 4821259 • heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is